
Samkomulagsnám

e. negotiating the curriculum

Að fá hugmyndir nemenda og vinna markvisst úr þeim

Markmið: Að gefa nemendum tækifæri til að eiga hlutdeild í mótun viðfangsefna námsins og skipulagi þess.

I. Að velja viðfangsefni og kjósa um það

- Fá hugmyndir nemenda um viðfangsefni – kennari skráir **allar** hugmyndir á töfluna/flettistöflu/í tölvu (opinn skjávarpi)
- Fyrsta umferð; kosið um öll viðfangsefni á listanum – nemendur mega kjósa um fleira en eitt efni
- Önnur umferð; kosið um þau viðfangsefni sem fá t.d. þrjú atkvæði eða fleiri – nemendur mega aftur kjósa um fleira en eitt efni
- Og þannig koll af kalli þar til tvö efni eru eftir. Nemendur þurfa þá að velja á milli þeirra.
- Nemendur ganga alltaf óbundnir til næstu kosningar svo þeir hafi áhrif allt til enda.

II. Næst er gengið út frá eftirfarandi lykilsurningum:

1. Hvað vitið þið nú þegar um ...?

- Fjórir saman í hóp svara spurningunni (t.d. á veggspjald).
- Hengja upp veggspjöldin, skoða saman og ræða.

EDA – reyna að finna sláandi kveikju sem tengist viðfangsefninu og fara beint í lið 2. Ef það er gert má hafa lið 1. sem eitt verkefni fyrir hópa, pör eða einstaklinga.

2. Hvað þurfið þið / viljið þið / er mikilvægt – að vita meira um ...?

- Sömu hópar ræða spurningu tvö, punkta hjá sér atriði (raða í forgangs röð), eða skrá atriðin á mislita renninga (eða Post-it miða), eitt á hvern.
- Hver hópur gerir grein fyrir hugmyndum sínum og kennari skráir allar hugmyndir á flettistöflu/á veggspjald/í tölvu (opinn skjávarpi) – eða þátt. Líma renninga/Post-it miða á pappírinn:
 - Fyrst velur hver hópur tvö atriði af lista sínum (eða tvö efstu ef forgangsraðað), kennari skráir þau og farinn einn hringur. Þegar búið er að skrá atriði frá einum hópi strika aðrir hópar, sem eru einnig með sama atriði, það út af sínum listum.
 - Síðan er farinn annar hringur og svo koll af kalli, þar til allir hóparnir hafa tæmt sína lista. Þetta er gert til að allir fái tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa þær sýnilegar á sameiginlegu veggspjaldi – þetta tengist eignarhaldi allra nemenda á hugmyndum.
- Loks er listinn flokkaður (ef það hentar viðfangsefninu og úrvinnslu) og hver flokkur verður þá að viðfangsefni sem hópar geta valið/dregið um að kanna nánar/vinna með.

3. Hvar er hægt að leita upplýsinga um ...?

- Allur hópurinn veltir spurningu þrjú fyrir sér (eða sömu hópar áfram).
- Kennari skráir þær hugmyndir sem fram koma á veggspjald og hengir upp í skólastofunni – bæta má við listann eftir því sem fleiri hugmyndir fæðast.
- Gott er að gera þetta t.d. daginn eftir.

4. Hvernig er hægt að skila niðurstöðum? (Hvernig vitum við og getum sýnt í lokin það sem við lærðum / að við fundum svör við spurningum okkar?).

- Kennari skráir þær hugmyndir sem fram koma á veggspjald og hengir upp í skólastofunni – bæta má við listann eftir því sem fleiri hugmyndir fæðast.
- Heppilegt er að gera þetta t.d. daginn eftir fyrstu þrjú þrepin.

5) Hvernig er vinnuferlið?

- Kennarar útbúa fyrirmæli/lýsingu á verkefni sem byggir á hugmyndum nemenda. Mikilvægt er að gera nemendum grein fyrir að svo sé.
- Nemendur afla upplýsinga og vinna úr þeim – halda t.d. dagbók um vinnuna.
- Nemendur skila niðurstöðum sínum; kennarar ákveða hvernig (kenna þeim t.d. nýja aðferð) EÐA kennarar og nemendur ákveða sameiginlega hvernig EÐA nemendur/hópar fá að velja hugmynd af listanum.

III. Sjá má til með eftirfarandi (kennarinn metur það eftir viðfangsefni og aðstæðum):

6. Hvernig er besta leiðin til að læra þetta?

7. Hvernig ætti námsmatið að vera?

8. Hvernig viljið þið nýta tímann sem er til ráðstöfunar?

Mikilvægt er að hafa þetta í huga

- Hlusta eftir áhuga nemenda;
 1. Skrá hugmyndir nemenda og viðfangsefni svo valið í samráði við þá EÐA
 2. Viðfangsefni valið (af kennurum) og skrá svo hugmyndir nemenda
- Skipulagning verkefnisins verður að byggja á hugmyndum nemenda
- Lýsing á verkefni/fyrirmælin handa nemendum verða að byggja á hugmyndum þeirra og – þær þurfa að vera sýnilegar í fyrirmælunum
- Finna þarf áhugaverða kveikju
- Taka til nauðsynleg gögn – finna upplýsingar (+veitur)
- Fjölbreytt hópskipting
- Ákveða hvernig á að skila verkefninu